

Nýjung í Læknablaðinu: Mynd mánaðarins

Í þessu tölublaði *Læknablaðsins* er bryddað upp á nýjunginni *Mynd mánaðarins*. Birt verður gömul mynd sem skírskotar til læknisfræði á Íslandi og stuttur texti. *Mynd mánaðarins* og *Tilfelli mánaðarins* munu birtast á víxl annan hvern mánuð.

Umsjón hafa Tómas Guðbjartsson og Engilbert Sigurðsson, sem sitja í ritstjórn blaðsins. Þeim til aðstoðar verða ráðgjafar úr hópi eldri kollega; Höskuldur Baldursson bæklunarskurðlæknir, Ólafur Jónsson svæfingarlæknir, Sigurður E. Þorvaldsson lýta-læknir og loks Páll Ásmundsson nýrnalæknir og Örn Bjarnason læknir sem báðir eru fyrrum ritstjórar *Læknablaðsins*.

Verkefnið er í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Kristín Hauksdóttir sagnfræðingur og verkefnastjóri og Sólveig

Þorsteinsdóttir bókasafnsfræðingur á Landspítala verða umsjónarmönnum innan handar.

Lesendur eru hvattir til að senda blaðinu gamlar myndir eða tillögur að myndum, úr opinberum söfnum eða einkaeign.

Einnig eru læknar og ekki síst unglæknar hvattir til að senda inn sjúkratilfelli sem gætu birst sem *Tilfelli mánaðarins*. Slík tilfelli hafa nú birst í rúmt ár í blaðinu og hefur verið vel tekið. Texti með tilfellingunni á að vera stuttur og mega fylgja 1-2 myndir, röntgenmyndir, hjarta- eða heilalínurit, myndir af vefjasýnum eða ljósmyndir sem ekki eru persónugreinanlegar. Svar við tilfelli sé 2000 letureiningar og með 4-10 heimildum.

Tómas Guðbjartsson tomasgud@landspitali.is, Engilbert Sigurðsson



Læknanemar í verklegri efnifræði

Myndin er úr ljósmyndasafni Trausta Ólafssonar og sennilega tekin árið 1926. Á myndinni eru Árni Guðmundsson, Guðmundur Karl Pétursson, Þorvaldur Blöndal, Bergsveinn Ólafsson, Arngrímur Björnsson, Haraldur Sigurðsson, Sæbjörn Magnússon, Gerður Bjarnhéðinsson, Kristján Grímsson, Kjartan Jóhannsson og María Hallgrímsdóttir. Lengst til hægri er Trausti Ólafsson efnaverkfræðingur og kennari hópsins. Hann var jafnframt forstöðumaður Efnarannsóknarstofu ríkisins sem var í bakhúsi við Hverfisgötu 44 og kenndi hann um árabíl við læknadeild. Um það leiti sem myndin var tekin var efnifræði kennd á fyrsta ári og var hún þá helsta námsgreinin en einnig sóttu læknanemar á fyrsta ári tíma í líffærafræði og forspjallsvís-

indum. Á myndinni má sjá tvær af fyrstu konunum sem útskrifuðust úr læknadeild Háskóla Íslands, Maríu Hallgrímsdóttur sem útskrifaðist 1931 og Gerði Bjarnhéðinsson sem útskrifaðist ári síðar. Á undan þeim höfðu aðeins tvær konur lokið prófi frá læknadeildinni, Kristín Ólafsdóttir, sem var þeirra fyrst árið 1917 og Katrín Thoroddsen árið 1921. Á þessum árum lögðu fáar konur stund á læknisfræði, eða innan við 5% læknanema hér á landi, og hækkaði það hlutfall ekki fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöld.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Læknar á Íslandi. Ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Reykjavík 2000: 15-7.

Bjarnason T. Læknánám fyrir 35-40 árum. Læknaneminn 1961: 35-41.

Kolka P. Læknadeild fyrir hálfri öld. Læknaneminn 1968; 3: 28-39.